

**Nd.**

## **83. Frumvarp til laga**

[80. mál]

um flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Benedikt Gröndal, Geir Hallgrímsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal láta reisa og starfrækja flugstöð fyrir farþega- og vöruafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Stöðin skal vera algerlega aðskilin frá mannvirkjum Varnarliðsins. Tryggja skal henni landrými, svo að þar geti síðar risið aðrar byggingar til sömu eða skyldra þarfa, svo og til samgönguæða að og frá stöðinni.

2. gr.

Utanríkisráðherra hefur stjórn á byggingu og rekstri stöðvarinnar. Hann tryggir fé til framkvæmdanna og heimilast að taka að láni í þeim tilgangi allt að 160 milljónir króna.

Utanríkisráðherra skipar byggingarnefnd, er hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins. Hann tekur endanlegar ákvarðanir um gerð flugstöðvarinnar.

3. gr.

Flugstöðin skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum. Allt efni til smíði hennar skal undanþegið aðflutningsgjöldum.

4. gr.

Utanríkisráðherra setur reglugerð um rekstur flugstöðvarinnar, reikningshald og fjárreiður, daglega stjórn og annað sem þörf krefur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að reist skuli á Keflavíkurflugvelli afgreiðslustöð fyrir farþega og vörur. Stöðin skal vera íslenskt mannvirki undir íslenskri stjórn og aðskilin frá athafnasvæði Varnarliðsins.

Núverandi flugstöð er með öllu ófær um að gegna þessu hlutverki. Hún er gömul timburbygging, sem meira hefur þegar verið byggt við en reglur leyfa. Í henni er óhjákvæmileg eldhætta, sem gæti leitt til stórslyss þegar farþegafjöldi er mestur í stöðinni. Aðstaða er mjög léleg fyrir marga þætti starfseminnar sem þar fer fram, og nægir þar að minna á eldhús og aðstöðu verkamanna á flughlaði. Þrengsli og vandræði einkenna nálega alla þætti stöðvarinnar.

Mál þetta á sér langan aðdraganda. Fimm ríkisstjórnir hafa fjallað um það án þess að framkvæmdir hafi enn verið ákveðnar. Unnið hefur verið að undirbúningi og stöðin hönnuð þannig að hún hefur verið minnkuð til muna frá fyrstu áætlunum og hugmyndum. Er vissulega tími til kominn að hefjast handa og leysa þann vanda, sem þetta stöðvarmál er.

Saga málsins verður ekki rakin hér, enda hefur það verið gert m. a. í nýlegri skýrslu til Alþingis. Hins vegar er óhjákvæmilegt að rifja upp, að ríkisstjórn komst á sínum tíma að þeirri niðurstöðu, að Íslendingar mundu ekki ráða við að fjármagna þessa framkvæmd um langa framtíð. Var því farið fram á fjárhagslega þátttöku Bandaríkjamanna, þar sem Varnarliðið fær gömlu stöðina til afnota og mun hafa mikinn hag af aðskilnaði farþegaafgreiðslu og varnarumsvifa. Liggur nú fyrir, að Varnarliðið er reiðubúið til að fjármagna flughlað og leggja að auki 20 milljónir dollara til sjálfrar byggingarinnar, rúman helming áætlaðs kostnaðar, enda verði byggingin vara-sjúkraskýli á vellinum ef á þarf að halda. Það útheimtir engar teljandi breytingar á stöðinni og er engin fórn, því að hún mundi án efa gegna því hlutverki hvort eð er, ef til mikils flugslyss eða hernaðaraðgerða kæmi.

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er og verður „anddyri“ Íslands fyrir hundruð þúsunda af farþegum, sem þar hafa viðdvöl, koma til landsins eða fara frá því. Er hér sem annars staðar nauðsynlegt, að þetta verði myndarlegt og menningarlegt umhverfi og afgreiðsla öll sem þægilegust miðað við veðurfar og aðrar aðstæður.

Treysti Íslendingar sér til að fjármagna þessa stöð einir á nógu stuttum tíma væri það ágætt. Margir draga það í efa, og er þá eðlilegt að Varnarliðið taki þátt í kostnaðinum, enda mun starfsaðstaða þess batna til muna við tilkomu stöðvarinnar. Ekki munu áhrif Varnarliðsins eða bandarísk ítök hér á landi aukast við þau útgjöld þeirra, heldur þvert á móti.

Flugstöðin verður alíslenskt mannvirki, rekið eingöngu af Íslendingum og mun bera þann svip, sem Íslendingar setja á hana.